



Kynfæravörtur

Kynfæravörtur eru vírussýking sem smitast við kynmök. Ef maki er smitaður er mikilvægt að hann sé meðhöndlaður líka á sama tíma.

Með aðgerð eru vörturnar fjarlægðar, en þú berð vírussýkinguna áfram og átt því alltaf á hættu að vörturnar geti komið aftur og þurfi frekari meðhöndlun.

Eftir aðgerðina.

Áður en þú ferð heim talar skurðlæknirinn þinn við þig og segir hvað gert var í aðgerðinni. Fyrst eftir aðgerðina máttu búast við sviða og óþægindum frá aðgerðasvæðinu. Þú færð með þér deyfikrem sem slær á óþægindin. Þú skalt taka verkjalyf eftir þörfum t.d. Panodil eða Parkodin.

Þú mátt drekka og borða strax og þú hefur lyst en ekki er óeðlilegt að þú finnir fyrir einhverri ógleði.

Æskilegt er að einhver sé heima hjá þér aðgerðardaginn og best er að taka því rólega þann dag. Þú getur að öllum líkindum farið í vinnu daginn eftir.

Mikilvægt er að halda svæðinu þurru og hreinu, einnig að ganga ekki í of þröngum klæðnaði. *Það er ráðlagt að geyma samlíf þar til sárin eru orðin þurr og sviði farinn.*

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi aðgerðina fáðu þá samband við skurðlækninn þinn hjá riturum kvennadeildar alla **virka daga kl. 10:00-12:00 í síma 463 0133.**

Hafðu samband við slysadeild eða þinn lækni ef þú verður var/vör við eftirfarandi einkenni:

Hita

Vaxandi roða og eymsli á aðgerðarsvæðinu

Sími slysadeildar er 463 0803.

Sími vöknunar er 463 0118 kl. 08:00-16:00.

Gangi þér vel